

**Ed. 441. Frumvarp til laga [127. mál]**

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.  
(Eftir 2. umr. í Ed., 29. des.)

1. gr.

Við d-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tölul., svohljóðandi:  
Sérstakt grunnjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

2. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Sérstakt grunnjald skv. 3. tölul. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunnjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

3. gr.

32. gr. orðist svo:  
Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.  
Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaradila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 33. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:  
Tekjur af grunnjaldi og sérstöku grunnjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1988 skal allt að 202 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs af grunnjaldi og sérstöku grunnjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 1. mgr. 30. gr. laga, sbr. 4. gr. laga þessara, varið til að draga úr röskun sem söluskattsskylda þessara afurða frá 1. janúar 1988 veldur á verðhlutföllum milli þeirra og dillakjöts. Í þessu skyni er heimilt að endurgreiða framleiðendum afurða alifugla og svína að hluta eða öllu leyti þau grunngjöld sem þeir hafa greitt við fóðurkaup. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslna þessara.

Jafnframt er heimilt að greiða framleiðendum nautakjöts allt að 93 milljónum króna á árinu 1988 í sama skyni.

Endurgreiðslur á grunnjaldi og hinu sérstaka grunnjaldi samkvæmt þessu ákvæði skulu leiða til lækkunar á búvöruverði.